

Föstudaginn 21. nóvember 1997.

Nr. 465/1997.

**Kári Elíasson**

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

**Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf.**

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1997, þar sem sóknaraðila var gert að setja málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 400.000 krónur, í máli, sem hann höfðaði á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að kröfu varnaraðila um tryggingu fyrir málskostnaði verði hafnað og honum gert að greiða sér kærumálskostnað. Til vara krefst sóknaraðili, að fjárhæð málskostnaðartryggingar samkvæmt hinum kærða úrskurði verði lækkuð og kærumálskostnaður þá látinn falla niður.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður fallist á, að sóknaraðila beri að setja málskostnaðartryggingu í því formi, sem héraðsdómur mælti fyrir um. Er hún hæfilega ákveðin 200.000 krónur. Um frest til að setja trygginguna fer samkvæmt því, sem í dómsorði segir.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

**D ó m s o r ð:**

Sóknaraðila, Kára Elíassyni, ber að setja málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur, í peningum eða með

bankaábyrgð í máli gegn varnaraðila, Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf., innan tveggja vikna frá uppsögu þessa dóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1997.**

Mál þetta var tekið til úrskurðar 20. þ. m.

Stefnandi er Kári Elíasson, kt. 250561-3189, Vesturbergi 8, Reykjavík.

Stefndi er Bifreiðar og landbúnaðarvélur hf., kt. 440159-7089, Suður-landsbraut 14, Reykjavík.

Málið er höfðað með stefnu, birtri 2. október sl., og eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnt félag verði dæmt til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 11.238.900 kr., auk vaxta og málskostnaðar.

Við þingfestingu málsins 7. október sl. krafðist stefndi málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af hálfu stefnanda var kröfunni þegar í stað mótmælt.

Við fyrirtöku í þinghaldi 13. þ. m. lagði stefndi fram greinargerð, þar sem hann krafðist þess aðallega, að málskostnaðartrygging yrði ákveðin 1.057.219 kr., en til vara, að hún yrði ákveðin 430.334 kr., hvort tveggja að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Í þinghaldi 20. þ. m. lagði stefnandi fram greinargerð, þar sem ítrekuð voru mótmæli við fram kominni kröfu, en til vara var þess krafist, teldi dómurinn lagaskilyrði standa til að verða við kröfunni, að fjárhæð tryggingarinnar yrði ákveðin mun lægri en krafist er. Krafan var tekin til úrskurðar sama dag.

Stefndi rökstyður kröfu sína með því, að dómaframkvæmd sýni, að framlagning árangurslausrar aðfarargerðar veiti næga sönnun fyrir, að líkur séu til, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar, en 18. september sl. hafi einmitt verið gert árangurslaust fjárnám hjá stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að ákvæði 133. gr. laga nr. 91/1991 sé skýrt svo í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga, að með því sé verið að vernda menn fyrir útgjöldum af málsvörn í málum, sem teljist tilefnislaus eða tilgangslítill í tilvikum, þar sem sýnt þyki, að óhugsandi sé, að stefnandi geti greitt þann málskostnað, sem hann verði dæmdur til að greiða. Mál þetta sé höfðað til heimtu bóta vegna líkamstjóns, sem hafi verið staðreynt með örorkumati. Slík málsókn hafi til þessa ekki verið talin tilefnislaus, þótt ágreiningur kunnir að vera um bótaskyldu. Fráleitt sé, að þeir dómur, sem stefndi hafi lagt fram við meðferð kröfu sinnar um málskostnaðartryggingu, hafi minnstu þýðingu fyrir úrlausn þessa þáttar málsins.

Verði hins vegar fallist á, að stefnanda beri að setja málskostnaðartryggingu, sé þess krafist, að hún verði ákveðin mun lægri en krafist sé, enda sé

sú fjárhæð, sem stefndi krefjist, ekki í neinu samræmi við málskostnaðar-ákvarðanir í þeim dómum, sem stefnandi leggi svo mikið upp úr sem raun beri vitni.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 getur stefndi við þingfestingu máls krafist málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda, ef leiða má líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Í endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík 18. september sl., sem stefndi hefur lagt fram, kemur fram afdráttarlaus yfirlýsing stefnanda um, að hann eigi engar eignir til að tryggja kröfu gerðarbeiðanda, en hún nam 564.048 kr. Krafðist gerðarbeiðandi þess þá, að gerðinni yrði lokið án árangurs, og var svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Aðrar upplýsingar um hag stefnanda hafa ekki verið lagðar fyrir dóminn. Í greinargerð stefnanda er því ekki mótmælt, að hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Verður því að taka til greina kröfu stefnda um, að stefnanda verði gert að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu. Þykir fjárhæð tryggingarinnar hæfilega ákveðin 400.000 kr., og skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð. Ber að afhenda dóminum skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnanda, Kára Elíassyni, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 400.000 kr., fyrir greiðslu málskostnaðar í málinu nr. E-4458/1997. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.